

1. fundur foreldraráðs Leikskóla Kærabæjar haldinn á Kærabæ 9. febrúar 2009.

Mætt voru: Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Karítas Kristjánsdóttir, Sigurður Gunnarsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir.

Þórunn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Stjórnin byrjaði á að skipta með sér verkum. Samþykkt var að Karítas yrði formaður, Fanney Ólöf ritari og Sigurður meðstjórnandi.

Þórunn fagnaði tilkomu foreldraráðs og fór yfir hlutverk þess. Þess helsta hlutverk væri að fara yfir skólanámsskrá leikskólans. Hvað vantar í hana, hvort eitthvað sé ofaukið og fleira. Þórunn upplýsti að inni á heimasíðu leikskólans, www.leikskolinn.is/kaeribaer, væri hægt að nálgast skólanámsskrána, handbók leikskólans og lög um leikskóla.

Þórunn ræddi um að leikskólinn hefði fengið Grænfánann afhendan á síðastliðnu ári. Það þarf að viðhalda honum og verkefni þessa vetrar og næstu tveggja væri VATNIÐ og næsta umhverfi þess. Leikskólinn opnaði myndlistasýningu á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum á Degi leikskólans 6. febrúar síðastliðinn og er það liður í að viðhalda Grænfánanum.

Þórunn upplýsti fundarmenn um „heilsustefnu“ leikskóla. Hún vann þróunaráætlun um að breyta Kærabæ í heilsuskóla þegar hún var í námi. Einnig búin að útbúa tímaáætlun við heilsustefnuna og kynnti hún hana.

Rætt var almennt um heilsustefnuna og hvað þyrfti hugsanlega að gera svo Kærabær uppfyllti hana.

Ákveðið að næsti fundur yrði 9. mars nk kl. 20:30.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari.